

4. fundur

19. janúar 2024

1009004 IRÓ

Málalykill: 524

**Fundargerð samstarfsnefndar
Framsýnar stéttarfélags
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

4. fundur í samstarfsnefnd Framsýnar stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn föstudaginn 19. janúar 2024. Fundurinn var fjarfundur.

Fundinn sátu af hálfu Framsýnar stéttarfélags: Aðalsteinn Á. Baldursson.

Af hálfu SNS: Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

1. Viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskóla

Í fylgiskjali 7 með gildandi kjarasamningi aðila var m.a. samið um greiðslu viðbótarlauna til starfsfólks leikskóla í föstu starfshlutfalli í dagvinnu sem matast með börnum. Í fylgiskjalinu segir enn fremur að áður en til greiðslu viðbótarlauna kemur skal starfsfólk sem notið hefur fastra greiðslna s.s. yfirvinnu vegna ótekinna matar- og kaffitíma, skrifa undir yfirlýsingu um afsal þeirra eða sveitarfélag / launagreiðandi hafa sagt þeim upp.

Erindið frá Framsýn varðar greiðslu fyrir 15 mínútna unna yfirvinnu á dag í leikskóla sem til komin er vegna samkomulags um styttingu vinnutíma starfsfólks.

Afstaða stéttarfélagsins er að þar sem starfsfólk hafi ekki afsalað sér þessum 15 mínútna kaffitímum heldur vinni þá í lok vinnudags, eigi starfsfólk rétt á að halda yfirvinnunni og fá óskert viðbótarlaun samkvæmt fylgiskjali 7.

Niðurstaða:

Eftir að hafa farið vandlega yfir málið er samstarfsnefndin er sammála um að þar sem um er að ræða unna yfirvinnu sem tengist ekki því að matast með börnum þá haldi starfsfólk þeim óbreyttum og fái einnig viðbótargreiðslur samkvæmt fylgiskjali 7 eins og við á frá 1. október 2023.

Fleira ekki gert